Samþykkt þann
28 NOV 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson

Úr Gildi



GRUNNMYND 2HÆÐ 1:100

NOTKUN, BYGGINGARLÝSING OG BRUNAVARNIR

NOTKUN:

Húsið er notað sem geymslurými til útleigu. Ekki er gert ráð fyrir Þungavöru, max 6kN/m2 á neðri hæð og 1.5kN/m2 á efri hæð. Ekki er gert ráð fyrir því að dagleg umferð sé mikil, 2–4 ferðir á mánuði að meðaltali í hvert geymslurými. þess vegna er eiginlegt athafnasvæði er ekki skilgreint, aðkoman að felst í því að aka að geymsludyrum, hlaða eða losa ökutæki og aka síðan á brott. Ekki er Þörf á gámasvæði fyrir Þessa starfsemi. Ekkert gámasvæði er Því á lóð. Leigendum er með öllu óheimilt að skilja eftir sorp eða annan úrgang eftir á lóðinni.

BYGGINGARLÝSING:

ALMENNT:

Byggð eru Þrjú stálgrindarhús. Notast sem geymslurými á tveimur hæðum. þrír matshlutar. MHL–01, MHL–02 og MHL–03. Aðalbyggingarefni eru stálklæddar samlokueiningar, steinull frá Hólshúsum ehf, vottaðar frá RB. Húsin verða silfurgrá með bláum Þakkanti og hurðum. Plata á milli hæða er úr trapisustáli og steypt lag ofan á.

Í geymslurými verður lofthiti, 18°C > lofthiti > 10°, Þ.e 18°hús. Einangrun í útveggjum er 60mm steinullareinangrun sem liggur á milli tveggja stálplatna, Veggeiningarnar eru með sléttri áferð. þakvirkið er trapisustál með 120mm steinullareinangrun. Viðurkendur dúkur kemur yfir, PAM–gildi 500. Milliveggir eru úr trapisustáli, efnisÞykkt er 0.6mm og fjarlægð á milli þeirra er 2,5m. Burðarvirki er úr stálgrind. Undirstöður eru steyptar og plötur er vélslípaðar.

U–gildi byggingarhluta í geymslurými: þak = 0.25 W/m2, Útveggjaeiningar =0.35W/m2, Gólf=0.40 W/m2. Hurðir=1.80 W/m2. Vegið meðaltal útveggja. 1.23 W/m2.

Helstu lagnaleiðir:

Í Geymslurými eru gólfhitalagnir til upphitunar, en enginn niðurföll. Lagnir,

Lóð:

Lóðarhafar skulu hafa samráð um hæð lóðar og frágang á lóðarmörkum. Mest allt sveði umhverfis hús verður malbikað. Bílastæði á lóð eru 21, Þar af eitt fyrir hreyfihamlaða.

Brunavarnir eru unnar í samráði við Guðna I. Pálsson, verkfræðing.

BRUNAVARNIR:

Hús, matshlutar MHL–01, MHL–02 og MHL–03 eru eingöngu geymslurými, Heildar botnflatarmál á einum matshluta 358,7m2, sem jafnframt er stærð 1 hæðar. Reykskynjarar eru á gangi, einn í hverju brunahólfi. Útljós er við flóttaleiðir.

BrunaÞol burðarvirkis:

Burðarvirki er óvarin stálgrind, sbr. grein 111.10 í byggingarreglugerð með hliðsjón af stærð brunasamstæðna.

Brunasamstæður og brunahólf:

Hverri byggingu verðu skipt upp í brunasamstæður Þar sem hver brunasamstæða verður um 180 m2. EI90 eldvarnarveggir aðskilja brunasamstæðurnar. þök sitthvoru megin við eldvarnrvegg skulu gerð A–EI60, 0,6m út frá eldvarnarveggnum. Hurðir á samstæðuskilum skulu uppfylla EI260CSm. Sett verða segulgrip á brunahólfandi hurðir sem sleppa við brunaboð. Útveggir skulu uppfylla EI60 brunamótstöðu.

Sambrunahætta á milli húsa:

Fjarlægð á milli bygginga verður 6,5m og útveggir sem ekki eru hluta af burðarvirki hússins uppfylla EI60. Bil á milli húsa er Því í samræmi við gr. 75 í byggingarreglugerð.

Flóttaleiðir:

Frá geymslum á neðri hæð er einn útgangur beint út úr hverju rými. Á efri hæð er hægt að fara frá hverri geymslu inn á gang í sitthvora áttina sem leiðir að útgangi eða björgunaropi með fellistiga. Fjarlægð í næsta útgang eða næsta brunahólf verður alltaf styttri en en 25m.

Klæðningar:

Utanhúsklæðning verður ú A–efni. Innahúsklæðningar verða í flokki 1.

Brunaviðvörunarkerfi:

Í allt húsið verður sett sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt inn á viðurkennda vaktstöð. Kerfið skal vera viðurkennt númerað kerfi, hannað og uppsett í samræmi við reglur og leiðbeiningar Brunamálastofnunar og ÍST EN 54. Stjórnstöð bruna viðvörunarkerfis verður í anddyri aðalinngangs hússins á efri hæð hússins. Við stjórnstöð skal setja yfirlitsmynd af kerfum. Kerfið skal vera Þjónustað af aðila viðurkenndum af Brunamálastofnun.

Neyðarlýsing og út– ljós:

Neyðarlýsing og út–ljós verða sett í húsið í samræmi við byggingarreglugerð, ÍSTEN1838:1999, ÍST EN 50172:2004, leiðbeiningar Brunamálastofnunar 160.BR3, byggingarreglugerð 441/1998 með síðari breytingum.

Slökkvitæki og slöngukefli:

Handslökkvitæki verða við alla innganga og skv. leiðbeiningum Brunamálastofnunar og kröfum eldvarnareftirlitsaðila. Slöngukefli skulu uppfylla ÍST EN 671–1 og 164 gr. byggingarreglugerðar. Handslökkvitæki skulu vera skv. leiðbeiningum 165.BR1 og ÍST EN 3.

Reyklosun:

Reyklosun verður í gegnum dyr eða glugga á byggingunni.

BrunaÞéttingar:

Lagnagöt og önnur göt á milli brunahólfa og brunasamstæða verða Þétt með sérstökum brunaÞéttiefnum á viðurkenndan hátt. þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða seljanda efnanna og vera viðurkennd af Brunamálastofnun til fyrirhugaðrar notkunar.

Viðhald og eftirlit:

Um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í húsinu gildir reglugerð nr. 200/1994.



AFSTÖÐUMYND 1:500

28.11.07
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 7 – 210 Garðabæ

28.11.2007
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

HEILDARSTÆRÐ LÓÐ = 3511,3 m²

EITT HÚS:
STÆRÐ Á BRÚTTÓ 1H 358,7m²
2H 358,7m²

BOTNFLÖTUR: 717,4m²
BRÚTTÓRÚMMÁL: 2118,1m3

ÞRJÚ HÚS:
HEILDARSTÆRÐ BOTNFLÖTUR SAMT: 2152,2 m²
SAMTALS BRÚTTÓRÚMMÁL: 6354,3m3

BÍLASTÆÐI SAMT: 21
n=2152.3/3511.3=0.61
n=0,61

Dags.	Breytingar	Nr.	Nafn

meter Verkfræðistofa ehf
Síðumúli 1, 108 Reykjavík
Sími: 5678922, Gsm: 8940059
meter@meter.is, www.meter.is

GJÁHELLA 15, 221 HAFNARFJÖRÐUR

2HÆÐ Á MHL–01, MHL–02 OG MHL–03. AFSTÖÐUMYND OG SNIÐ

TÖLVUSKRÁ	HANNAÐ	TEIKNAÐ	YFIRFARIÐ	ÚTGÁFA
243–221–GJÁHELLA 15	FÓ/VG	FÓ/VG	FÓ	01
SAMÞYKKT: Friðrik Ólafsson 2303592459	TEIKNING NR. 243–A02		MKV. 1:100/1:500	BLAÐ NR. A–02
	DAGS. 30.10.2007		VERK NR. 243	